

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 16. apríl 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 45/148

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JÞÓ) Álfheiður Eymarsdóttir (ÁE) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)

Forföll Smári McCarthy (erlendis vegna þingstarfa)

Fundargerð

1. Þingstörfin framundan

Mánudagur 16. apríl

ÞSÆ hyggst beina fyrirspurn til dómsmálaráðherra varðandi traust til dómstóla undir liðnum óundirbúnaðar fyrirspurnir. Óskað var eftir viðveru forsætisráðherra en hún var upptekin. Farið yfir mál á dagskrá og þingvakt skipulögð.

Kosið verður um Ríkisendurskoðanda, aðrar kosningar á stuttum þingfundi á miðvikudag.

Nefndardagar 17. til 20. apríl.

2. Bréf þingflokksformanns

Rætt um þingstörf og nefndarstörf framundan, skipulag nefnda, starfsáætlanir o.fl.

3. Bréf úr forsætisnefnd

Bréf frá fundi forsætisnefndar. Rætt um kosningu ríkisendurskoðanda. JÞÓ lýsti ferlinu við skipunina af hálfu forsætisnefndar. Verður á dagskrá þingfundar í dag kl. 16:15.

4. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir störfum sínum í fastanefndum þingsins.

5. Verklag SP í verklagsreglur Pírata: Bann við mismunun, áreitni, þar á meðal kynferðislegri áreitni og misbeitingu valds

Fundarlið frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál

- *ÞSÆ um Evrópuráðsþingið*

ÞSÆ gerði grein fyrir stöðu mála á Evrópuráðsþinginu og næstu skrefum þar.

- *BLG um stöðu píratamála í nefndum*

Fundarlið frestað til næsta fundar.